

Umsögn um flokkun virkjunarkosta - Reykjavík, 4. nóvember, 2014.

Flutningur á Hvammsvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk.

Athugasemdir, umfjöllun og mótmæli.

Þetta rita:

Ingunn Ásta Sigmundsdóttir kt. 260279-4679

Jón Ívar Ólafsson kt. 190170-2929

Ívar Ingi Jónsson kt. 100208-3180

Aníta Kristín Jónsdóttir kt. 030709-2920

Sylvía Kristín Jónsdóttir kt. 120511-3780

Og fyrir hönd ömmu minnar (Ingunnar Ástu), Stefaníu Ágústsdóttur kt. 121124-2979, fyrrum bónda og húsfreyju í Ásum í Gnúpverjahreppi.

1. Við gerum alvarlega athugasemd og mótmælum því að Þjórsá/Hvammsvirkjun sé flutt úr biðflokki í nýtingarflokk. Það er forkastanlegt að gera Þjórsá, íbúa Gnúpverjahrepps, lifibrauð margra þeirra og dýralífið í sveitinni, að umhverfislegu tilraunadýri og fórnarlambi skammsýnna afla í landinu okkar. Sjá liði 2-11 til skýringar.
2. Við gerum athugasemd við hvernig Þjórsá hefur orðið fórnarlamb vinnubragða við Rammaáætlun og áframhaldandi vinnslu málsins eftir að þingsályktunartillagan var lögð fram á vorþingi 2014, þ.e. hvernig ófagleg vinnubrögð við að meta landslag urðu á kostnað árinna í einkunn fyrir landslag að ósekju við áætlunargerð. Víða var pottur brotinn, m.a. ákvarðanir teknar út frá gögnum eins og ljósmyndum, eða gagnleysi/upplýsingaskorti og svo framvegis! Hvernig er hægt að treysta því hvað er satt og rétt og hvað ekki satt og rétt í þessu máli öllu saman, sérstaklega síðan á vorþingi, ef forsendurnar voru óraunhægar/rangar/vantaði algerlega í upphafi? Hvar eru rökin fyrir sjálfbærni, þörf og hagnýtingu virkjunarinnar, fyrir landið, fólkið í hreppnum, þjóðina og umheiminn? Hvert er í raun mikilvægi þessarar virkjunar fyrir okkur sem hér búum og veröldina? Hvert er mikilvægi þess að virkja EKKI?
3. Ásókn Landsvirkjunar í að virkja á Þjórsársvæðinu er tilræði við frið og eindrægni innan samfélaga, það þekkja þeir sem hafa upplifað. Við gerum athugasemd við og mótmælum ásælni, eiginhagsmunasemi, þaulsætni og græðgi Landsvirkjunar á kostnað friðar meðal sveitafólks við Þjórsá og sem íslenskri náttúru sunnanlands hefur stafað hætta af í yfir 40 ár. Nú er mál að linni og Landsvirkjun láti fólkið, landið og ár þess í friði. Við höfum þegar virkjað næga orku í landinu og að auki hefur verið sýnt fram á að virkjun er ekki endilega arðbær fjárfesting fyrir Ísland í nútíð og framtíð, sbr. að almenningur fær fréttir reglulega af því að tekjur af Kárahnjúkavirkjun séu undir væntingum.

4. Við gerum athugasemd við að gegndarlaust sé ráðist að Þjórsá til að halda fyrirtækinu Landsvirkjun uppi. Ásókn LV í Þjórsá er til marks um það að virkjanir borga sig ekki betur en það, að það þarf stöðugt að ráðast í nýja og nýja virkjun, hverja á fætur annarri, alltaf fleiri og fleiri og raska náttúrunni meira og meira óafturkræft til að fyrirtækið rúlli, eða stjórnendur þess og ákveðnir stjórnámálamenn/flokkar séu ánægðir. Þetta er ekki sjálfbærni, heldur nýlendustefna, hrein og klár hráefnaupptaka og arðrán úr framtíð Íslands í dulargervi „grænnar“ orku og mótvægisáðgerða. Þetta er greinilega ekki að virka! Hvernig stendur þá á því að eitt fyrirtæki fær sífellt að endurtaka leikinn um allt land með tilheyrandi raski og spjöllum fyrir land og þjóð? Þær eru til skiptis tilraunamennska og glæfrar, það sýnir sagan, sbr. Lagarfljót til dæmis, enda hugarflug, óskhyggja og ímyndun, ekkert minni nú en þegar „varpflutningar“ heiðargæsarinnar voru settir fram sem mótvægisáðgerð Landsvirkjunar í Þjórsárverum.
5. Við gerum athugasemd við og mótmælum því að Hvammsvirkjun sé tilraunaeldhús mótvægisáðgerða, eða „nýlegra rannsókna“ sem er vitnað til í bréfi faghópsins en ekki getið hvaða-, og sem flest bendir þá til að hafi ekki farið fram.
6. Þá gerum við athugasemd á hundsun á því atriði að kanna áhrif virkjana á samfélag, hefur orðið til þess að einungis virðist vera tekist á um að þyrma Þjórsá - eða ekki - á grundvelli þess hvað verður um fiskinn í ánni og fuglalífið, en ekki vegna áhrifa á samfélag og ekki vegna þeirrar náttúrufegurðar, friðsældar og tignar sem Þjórsá í byggð ber með sér og allir sem á annað borð kæra sig um að kannast við það, þekkja og kunna að meta. Okkur þykir það vægast sagt kaldranalegt að Þjórsá hjá Hvammi sé falboðin sem tilraunaverkefni fjölmargra óvissuþátta, sbr. til dæmis „Augljóst er að reynsla af mótvægisáðgerðum við Hvammsvirkjun, m.a. hvað snertir starfsemi seiðafleytu, virkni laxastiga, áhrif skerts rennslis á búsvæði og nauðsyn þess að endurbæta búsvæði, myndi draga umtalsvert úr óvissu um virkni mótvægisáðgerða fyrir mögulegar virkjanir neðar í Þjórsá. Í þessu sambandi er rétt að benda á að þetta yrði í fyrsta skipti sem seiðafleyta yrði notuð við vatnsaflsvirkjun á Íslandi.“ Seiðafleyta, virkni laxastiga, áhrif skerts rennslis á búsvæði, nauðsyn á endurbótum á búsvæði. Þetta eru of margir áhættuþættir, þess vegna er ekki stætt á að ráðast í slíka framkvæmd sem um ræðir, óafturkræft.
7. Við amma Stefanía, hún sem fæddur Gnúpverji, uppalin þar og bóndi og húsfreyja í Ásum alla tíð, og ég sem er að stórum hluta alin upp hjá henni, maðurinn minn og börnin okkar þrjú- okkur sem erum enn með stóran ættlegg búandi í sveitinni á býli í fullum rekstri, gerum alvarlega athugasemd og mótmælum því að Þjórsá í heild (það sem eftir stendur óvirkjað)/Hvammsvirkjun sé flutt úr biðflokki í nýtingarflokk, því aðstæður á Suðurlandi kalla ekki á þetta, alveg sama hvernig á það er litið. Raksið sem fylgir virkjuninni er óafturkræft nú sem áður fyrr, til dæmis kuldi kæmi af lóninu og sand- og rykfok óumflýjanlegt við þessa framkvæmd. Þá eru blómleg ferðaþjónustufyrirtæki í sveitinni sem hlytu skaða af, svo ekki sé minnst á rýrnun verðgildis bújarða ef til virkjunar kæmi. Náttúruminjar sem tengjast sögu og menningu þjóðarinnar myndu glatast eða tapa sínum sessi. Kalt, grátt lón myndi setja verulegt strik í náttúrufegurð og söguminjar svæðisins og hafa stórkostleg og óafturkræf áhrif á dýrlífið. Vaxtarbroddurinn í hreppnum og nágrenni er nefninlega í ferðamennsku í tengslum við þessi menningarsvæði, og hugviti fólksins í sveitinni, en ekki virkjunum og því sem þeim fylgir. Ferðamenn (og fjölmarga heimamenn) langar ekki til að sjá virkjanir og lón og væri

mörgu fyrirtækinu í sveitinni og nágrenni sjálfhætt ef virkjunarframkvæmdir næðu fram að ganga. Það verður líka að taka það með í reikninginn að Gnúpverjar og nærsveitungar eru kunnugir virkjanaframkvæmdum LV nú þegar til áratuga, sbr. ömmu og fleiri, umfangi þeirra, ætlaðri hagkvæmni, raski, starfsemi tengda þeim, stöðugildum í stöðvunum og svo framvegis. Ráðamenn og LV eru því ekki að fást við fáfrótt fólk um virkjanir, þegar rætt er um eða við sveitungana í Gnúpverjahreppi í þessu sambandi. Fólk í sveitinni (og landinu öllu) mótmælir framkvæmdunum af gildum ástæðum, persónulegri og faglegri þekkingu, siðferðiskennd og réttlætiskennd, sem og ára(tuga)langri reynslu, sem oft virðist einmitt vanta í umfjöllun ráðamanna/nefnda um málið.

8. Við mótmælum að Hvammsvirkjun og allt í tengslum við hana sé semsagt boðið sem umhverfis-thriller fyrir áhættuffikla á kostnað Þjórsár, lands og íbúa í Gnúpverjahreppi og nærsveitum. Það er forkastanlega ósmekklegt að slá ryki í augu ráðamanna og almennings um litla áhættu og sniðugheit að hafa Þjórsá við Hvamm sem prótótýpu-virkjun fyrir margfalda umhverfislega óvissuþætti. Það lýsir fullkomnu virðingarleysi, svona eins og Þjórsá við Hvamm sé lækjarpollur sem strákar stífla að gamni sínu á sunnudegi og „redda því“ svo ef upp kemst að fiskurinn drepst eða að fólk og fyrirtæki hjóti skaða af. Málið er bara ekki svona einfalt, eins og að ofan er talið.
9. Við gerum alvarlega athugasemdir við að farið sé út í breytingar, óafturkræfar og spillandi á alla kanta, umhverfislegar og atvinnulegar, og að farið sé út í breytingastjórnun, án þess að hafa ALLT fólkið sem býr á svæðinu og verður fyrir áhrifum af breytingunum, með sér í liði. Það kann ekki góðri lukku að stýra.
10. Þá er eitt sem vert er að taka fram, í ljósi fenginnar reynslu við virkjanaframkvæmdir í landinu. Fátækir útlendingar komnir langt að, með fullri virðingu fyrir þeim, koma og vinna við uppbyggingu virkjana héraendis að miklu leyti og það þarf að taka stór lán fyrir framkvæmdunum. Vinna við Hvammsvirkjun yrði þar engin undantekning og ávinnungur fyrir fólkið í sveitinni því lítill af þeirri vinnu og lánin þarf jú að greiða til baka. Þá eru Klondike-Kárahnjúkar fólki enn í fersku minni, og óráðin gáta hvernig slík menningarviðbót myndi skarast við menninguna sem fyrir er í Gnúpverjahreppi. Í sveitinni er lítið samfélag og verður að teljast óæskilegt flytja þangað vinnuafl í stórum stíl, enda ekki húsnæði eða aðstaða í boði fyrir allt aðkomufólkið sem virkjuninni myndi fylgja. Þá vitum við að störf í fullgerðum virkjunum eru tilfinnanlega fá miðað við landfræðilegt umfang þeirra eða gróða og því ekki um neinn stórgreiða í atvinnumálum sveitunga/landsmanna að ræða. Frekar er um ógreiða að ræða til lengri tíma ef tekin eru með í reikninginn áhrif á byggðarlagið og fyrirtækin sem þegar eru starfrækt þar til dæmis.
11. Við gerum alvarlega athugasemd og mótmælum því að Þjórsá/Hvammsvirkjun sé flutt úr biðflokki í nýtingarflokk vegna þess að við amma viljum fyrir okkar hönd og afkomenda okkar, skyldfólks og vina sem búa eða eiga ættir að rekja í sveitina, að við og þeir fái að njóta náttúrunnar í áttögum okkar um ókomna tíð, svo og aðrir Íslendingar og borgarar heimsins. Þjórsá hefur þegar greitt sinn toll. Hún á að fá að renna í friði.